

Minnisblað

Staða og framkvæmd mansalsákvæða í útboðum

Á innkauparáðsfundi þann 22. apríl 2016 óskuðu fulltrúar innkauparáðs eftir tillögum að aðgerðum til að sporna við því að vinnumansal viðgangist í samningum Reykjavíkurborgar á sviði verkframkvæmda og þjónustu.

Þann 26. apríl hittust fulltrúar frá borgarlögmanni, innkaupadeild og umhverfis- og skipulagssviði til að fara yfir mögulega nálgun.

Bókun í innkauparáði 29.4.2016

Innkauparáð samþykkir að eftirfarandi texti verði hluti af útboðsgögnum og verksamningi:

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Sama dag sendi innkaupadeild bókunina á öll svið og skrifstofur til kynningar.

Svið og skrifstofur bera ábyrgð á samningsstjórnun sinna samninga og til að afla upplýsinga um stöðu þessa máls var óskað eftir fulltrúa umhverfis- og skipulagssvið á fund innkauparáðs til að upplýsa hvernig eftirliti með verklegum framkvæmdum er háttað með vísan í samþykktina. Ámundi Brynjólfsson hjá umhverfis- og skipulagssviði mætti á fund innkauparáðs þann 27. janúar 2017 og sagði frá því sem hefði verið gert m.a. fræðslu fyrir starfsmenn USK um hvernig best er að þekkja einkenni mansals á vinnusvæðum, veitingastöðum o.þ.h.

Ákveðið var að virkja heimildina nú í september 2018 sem fyrirtæki hafa undirritað og er sú vinna í gangi í samstarfi við þau svið sem kaupa mest inn af ræstinga- og mótuneytisþjónustu auk verklegra framkvæmda. Bréf var sent á þau fyrirtæki sem eru samningsbundin með ósk um upplýsingar sem geta staðfest að samningsskyldur séu uppfylltar. Starfsmaður kjaradeildar hefur heimsótt nokkur fyrirtæki og fengið þær upplýsingar sem um var beðið.

Fjöldi fyrirtækja í verklegum samningum er mikill og nú er verið að kanna hvort samstarf við stéttarfélög geti skilað upplýsingum hraðar og betur þar sem mörg stéttarfélög eru í reglubundnum samskiptum við þessi fyrirtæki.

12. október 2018

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, deildarstjóri

